

Réttlát ást

Barátta fyrir viðurkenningu samfélags og kirkju á ást, kynverund og löglegri sambúð homma og lesbía á tveimur öldum

Inngangur

Í þessari grein er fjallað um hugmyndir og hugsjónir um það sem kalla má *réttláta ást* en slík ástarhugmynd hefur verið í mótun um allnokkurt skeið í guðfræðilegu og siðfræðilegu samhengi¹ sem er jafnframt það samhengi sem höfundur greinarinnar tilheyrir.² Hugtakið réttlát ást (e. *just love* eða *justice-love*) óx fram kringum 1990 og tengdist baráttunni fyrir viðurkenningu á ást, kynverund og hjónabandi homma og lesbía.³ Á annarri tíð, réttum hundrað

¹ Guðfræðilegt og siðfræðilegt samhengi vísar hér til fræðasviðs guðfræði í samtíma okkar með áherslu á siðfræðileg sjónarmið innan þess sviðs. Hugtakið guðfræðileg siðfræði er vel þekkt hugtak en það sem einkum aðgreinir það frá heimspekilegri siðfræði eru heimildirnar. Með öðrum orðum er innan guðfræðinnar gjarnan vísað í verk eftir aðra guðfræðinga en innan heimspekinnar er gjarnar vísað í verk eftir aðra heimspekinga. Þetta er þó að sjálfsgöðu með ýmsum hætti og ekkert heilagt í þeim efnum.

² Greinarhöfundur er guðfræðingur og siðfræðingur og tók virkan þátt í baráttunni fyrir hjónabandi samkynhneigðra hér á landi á fyrsta áratug þessarar aldar. Sjá nánar skrif greinarhöfundar sem urðu til í því samhengi og á því tímabili í bókinni *Ást, kynlíf og hjónaband*, Reykjavík: Salka, 2008.

³ Sjá meðal annars greinasafnið Marvin M. Ellison og Sylvia Thorson-Smith, (ritstjórar), *Body and Soul. Rethinking Sexuality and Justice-Love*, Cleveland, Kentucky: The Pilgrim Press, 2003. Í bókinni er að finna tuttugu fræðigreinar skrifaðar annað hvort út frá hinsegin eða femínísku sjónarhorni (eða hvort tveggja) um tengsl réttlætis og kynferðislegrar ástar homma og lesbía og eru þau skrif flest frá því um og eftir 1990.



árum fyrr, fór fram önnur og ekki ósvipuð barátta þar sem karlar sem elskuðu karla héldu því fram að kynlífstilfinningar þeirra væru í eðli sínu ást og ættu skilið að hljóta viðurkenningu samfélagsins. Sú ást fékk ekkert nafn en átti það sameiginlegt með *réttlátri ást* okkar tíma að vera sögð réttmæt og jafngild ást karls og konu.

Líkt og á við um kvennabaráttuna má tala um fyrstu og aðra bylgju baráttunnar fyrir réttlátri ást homma og lesbía.⁴ Báðar falla þessar frelsis- og réttlætisbylgjur innan sama tímaramma: fyrri bylgjurnar hófust á ofanverðri 19. öld og entust eitthvað inn á þá 20. meðan þær síðari hófust upp úr 1970 en í tilviki baráttu homma og lesbía má segja að þeirri bylgju hafi vaxið ásmegin upp úr 1990 þegar tekið var að berjast fyrir samfélagslegri og kirkjulegri viðurkenningu á ást þeirra og löglegri sambúð. Á 19. öld heyrði það hins vegar til undantekninga að guðfræðingar og kirkjunnar fólk fjallaði á jákvæðan hátt um ást tveggja einstaklinga af sama kyni. Ólíku er saman að jafna undir lok 20. aldar þegar fjölmargir prestar og guðfræðingar hér á landi sem erlendis beittu sér í málinu og kröfðust viðurkenningar kirkjunnar á ást og hjónabandi homma og lesbía.⁵ Einn þeirra sem snemma lét að sér kveða var bandaríski guðfræðingurinn Marvin M. Ellison en í greinum og bókum upp úr 1990 gagnrýndi hann kristna ástar-, kynlífs- og hjónabandshefð og lýsti því yfir að hún ætti þátt í þeirri slæmu stöðu sem uppi væri í þeim efnum

⁴ Í greininni verða hugtökin hommar, karlar sem elska aðra karla, lesbíur, samkynhneigt fólk og hinsegin fólk notuð eftir því sem greinarhöfundurinn finnst hæfa samhenginu. Hugtakanotkun getur verið hápólítískt mál en hér er ekki reynt að fylgja pólitískum rétttrúnaði í þeim efnum heldur eru hugtökin vandlega valin út frá samhenginu hverju sinni.

⁵ Heimildir um réttláta ást koma fyrst og fremst frá bandarískum guðfræðingum og verður hér einkum stuðst við skrif þeirra. Margir, en langt því frá allir, sem hófu þessa baráttu innan guðfræði voru samkynhneigðir sjálfir. Dæmi um rit sem mótuðu orðræðuna í upphafi: James B. Nelson, *Between Two Gardens. Reflections on Sexuality and Religious Experience*, Cleveland, Ohio: The Pilgrim Press, 1983; Robert Nugent (ritstjóri), *A Challenge to Love. Gay and Lesbian Catholics in the Church*, New York: Crossroad, 1983; James B. Nelson, *The Intimate Connection. Male Sexuality, Masculine Spirituality*, Philadelphia: Westminster Press, 1988; Alison R. Webster (ritstjóri), *Just Love. An Introduction to Theology and Sexuality*, Birmingham: SCM Publications, 1988; Carter Heyward, *Touching Our Strength. The Erotic as Power and the Love of God*, San Francisco: Harper and Row, 1989; John Stoltenberg, *Refusing to be a Man. Essays on Sex and Justice*, Portland, Oregon: Breitenbush Books, 1989; Joanne Carlson Brown og Carole R. Bohn (ritstjórar), *Christianity, Patriarchy, and Abuse. A Feminist Critique*, Cleveland, Ohio: The Pilgrim Press, 1989; James B. Nelson, *Body Theology*, Louisville Kentucky: Westminster, John Knox Press, 1992.

og bæri því mikla ábyrgð.⁶ Ellison benti á fjölmörg vandamál sem einkennt hefðu kristna kynlífs-, ástar- og hjónabandshefð. Jafnframt sagðist hann vongóður um að samstaða væri að skapast meðal framsækinnna guðfræðinga og vænta mætti breytinga á kristinni siðfræðihefð þar sem megináherslan yrði framvegis lögð á að treysta tengslin milli réttlætis og ástar.⁷

Af hverju eru þau tengsl svona mikilvæg og hvað myndi breytast ef þau yrðu treyst? Svar Ellisons er siðferðilegs eðlis og snýr að þeim skaða sem orsakast þegar ást og réttlæti tengjast EKKI. Hann nefnir tvö dæmi máli sínu til stuðnings, annað er ofbeldi eiginmanna gegn eiginkonum og hitt niðrandi framkoma í garð samkynhneigðra. Ellison bendir auk þess á að samkynhneigðir hafi til skamms tíma lifað í nokkurs konar skuggatilveru, ósýnilegir, óhreinir og útskúfaðir af samfélagi og kirkju. Í tillögum til úrbóta leynir guðfræðilegt ívaf orðavals Ellisons sér ekki en hann talar um að endurreisa þurfi hin föllnu og útskúfuðu og gefa þeim hlutdeild í samfélagslegu réttlæti. Sækjast þurfi eftir breiðvirku, félagslegu réttlæti (e. *social justice*) en það feli jafnframt í sér kynferðislegt réttlæti (e. *sexual justice*).⁸ Þannig tengist kynferðislegt réttlæti ástinni órjúfanlegum böndum.⁹ Kynverund (e. *sexuality*) manneskjunnar tengist ást og hvort tveggja tengist mennskunni.¹⁰ Fyrir vikið eru ástin og kynlífið tvær hliðar á sömu mynt. Hvort tveggja tengist andlegri hæfni mannsins, þar með talið sambandi hans við Guð.

Hugtakið réttlát ást er sett saman úr tveimur burðarhugtökum kristinnar siðfræði.¹¹ Í gegnum tíðina hafa þessi mikilvægu hugtök haft fáa snertifleti í kristinni siðfræðiorðræðu. Ástin hefur lengstum verið talin einkamál á meðan að réttlætið hefur verið talið varða samfélagið og almannahag í víðri merkingu. Þeirri aðgreiningu er augljóslega ögrað með hugmyndinni um réttláta ást. Heiðurinn af gagnrýninni á þá aðgreiningu eiga ekki síst femínistar en femínísk umræða um óréttlæti á einkasviðinu fór á flug á síðasta

⁶ Marvin M. Ellison, *Erotic Justice. A Liberating Ethic of Sexuality*, Louisville: Westminster John Knox Press, 1996; *Same-Sex Marriage? A Christian Ethical Analysis*, Cleveland, Ohio: The Pilgrim Press, 2002; *Making Love Just. Sexual Ethics for Perplexing Times*, Minneapolis: Fortress Press, 2012.

⁷ Marvin M. Ellison, *Erotic Justice*, bls. 1–29; *Making Love Just*, bls. 1–8.

⁸ Marvin M. Ellison, *Making Love Just*, bls. 10.

⁹ Marvin M. Ellison, *Erotic Justice*, bls. 15–29.

¹⁰ Með þessu orðalagi vísar Ellison til skrifa James B. Nelsons sem lagði mikið upp úr þessum atriðum í skrifum sínum, þar á meðal þeim sem tilgreindar eru í neðanmálsgrein nr. 5 hér að framan.

¹¹ Í greininni verða hugtökin ást og kærleikur notuð jöfnum höndum sem þýðing á enska hugtakinu *love*.

fjórðungi 20. aldar. Sú orðræða skilaði sér inn í guðfræðilega orðræðu um hjónabandið, kynlífíð og ástina og rann að miklu leyti saman við áherslur frelsunarguðfræði á sama tíma. James B. Nelson, einn af fjölmörgum boðberum endurskoðaðrar, kristinnar ástar- og hjónabandssiðfræði á nýnda áratug síðustu aldar komst þannig að orði að femínískar ábendingar um óréttlæti á einkasviðinu hefðu verið hvatinn að breyttum viðhorfum til stöðu samkynhneigðs fólks innan kirkjunnar.¹² Áðurnefndur Marvin Ellison tók undir með Nelson í bókinni *Erotic Justice* (1996) og bætti því við að óhugsandi væri að hugsa sér baráttuna fyrir réttindum hinsegin fólks án fulltingis femínismans.¹³

Hér í upphafi var tekið almennt til orða og sagt að fjallað yrði um hugmyndir jafnt sem hugsjónir um réttláta ást. Þau orð vil ég nú dýpka, útskýra markmið greinarinnar, helstu spurningar og loks verklagið. Greinin er tvískipt. Í fyrri hlutanum snýst umfjöllunin um mismunandi skilning á ástinni og þá staðreynd að hún er í stöðugu breytingarferli. Í síðari hlutanum er sjónum aftur á móti beint að réttindabaráttu hinsegin fólks á tveimur tímabilum. Annars vegar þrýstingi sem átti sér stað fyrir liðlega hundrað árum og snerist um afnám laga um „sódómsku“. Hins vegar baráttu fyrir viðurkenningu á ást og hjónabandi samkynhneigðs fólks undir lok síðustu aldar. Þeirri baráttu er sums staðar lokið en annars staðar ekki. Hér á landi lauk henni með því að þjóðkirkjan viðurkendi hjónaband samkynhneigðra árið 2010 en margt var þó mótdrægt á þeirri vegferð.

Spurningar greinarinnar hverfast því um ástarskilning og hvernig hann fléttast saman við hugmyndir um kynverund manneskjunnar og kynjamun. Það hefur lengi verið algeng skoðun að karl og kona séu ólík í eðli sínu og eigi það ekki síst við um kynverundina. Forsenda slíkrar skoðunar er það sem kalla má kynjaandstæðuhugmyndina en guðfræðingar hafa löngum aðhyllst slíka hugmynd og oftast en ekki vísað í sköpunarsögur Fyrstu Mósebókar sjónarmiði sínu til réttlætningar. Dæmi um lútherskan guðfræðing sem grundvallaði ástar- og hjónabandssiðfræði sína á slíkum hugmyndum var Helmut Thielicke (1908–1986) sem útskýrði „náttúrulegan“ mun kynjanna með því að vísa til vilja Guðs eins og hann opinberaðist í Biblíunni. Thielicke studdist líka við aðra kenningu í skrifum sínum um hjónabandið sem rekja má til stóuspeki. Það er nánar tiltekið svokölluð *suum cuique* réttlætiskenning en samkvæmt henni snýst réttlæti um það að staða manns í samfélaginu

¹² James B. Nelson, *The Intimate Connection*, bls. 115–116.

¹³ Marvin M. Ellison, *Erotic Justice*, bls. 9–12.

sé ákvarðandi fyrir réttlætið. Trúr lútherskri hefð var Thielicke þess fullviss að karlinn væri konunni æðri og bæri þar af leiðandi annars konar réttlæti en henni. Hún væri hið veikara ker með ábyrgð á börnum og búi á einkasviðinu en honum, í ljósi skynsemi og manndóms, bæri að beina kröftum sínum að samfélaginu og hagsmunum þess.¹⁴

Í fyrsta undirkaflanum, hér á eftir, veiti ég innsýn í femíníska gagnrýni á hina hefðbundnu aðgreiningu opinbera sviðsins og einkasviðsins en sjónarmið þar um hafa haft áhrif á skrif ýmissa framsækinna guðfræðinga um ástina, kynverundina og réttlætið. Jafnframt verður skyggst til ýmissa átta og spurt hvað hafi einkum mótað hugmyndir okkar um ástina. Til dæmis verður litið til heimspekingsins Irving Singer sem margt hefur fram að færa í þeim efnum. Hann hefur meðal annars bent á að vestrænn ástarhugmyndastraumur sé ekki einn heldur tveir og báðir þiggi drjúgt meðlag úr kristinni hugmyndahefð. Einnig er það skoðun hans að kynferðisleg ást sé ekki ný af nálíni heldur hafi slík ást alltaf verið til. Þá er borið niður hjá félagsfræðingnum Anthony Giddens sem telur að rómantíska ástin sé á undanhaldi í hinum vestræna heimi og ástæðurnar fyrir því séu óraunhæfar og óréttmætar kröfur á ást kvenna í hefðbundnum hjónaböndum. Giddens bendir á nýjar hugmyndir og áherslur sem aflvaka breyttra hugmynda um ást og nán sambönd en þar ber hæst réttlæti, jafnrétti og lýðræði. Að lokum verður rætt um kenningar kaþólska, femíníska guðfræðingsins, Christine Gudorf sem er á mjög svipuðum slóðum og Giddens en hún vinnur með femínísk sjónarmið í kristinni ástar-, kynlífs- og hjónabandsguðfræði sinni og leggur áherslu á réttláta, kynferðislega ástríðuást.

Í síðari hluta greinarinnar er áð á tveimur stöðum þar sem fram fer barátta fyrir réttlátri ást. Á fyrri áningarstaðnum hittum við fyrir tvo samkynhneigða karlmenn, prússneskan lögfræðing og enskan prest sem báðir andæfðu ráðandi skilningi á „sódómsku“ kringum aldamótin 1900 og kröfðust nýs skilnings á gagnkvæmri ást tveggja karla. Þeir eiga það sameiginlegt að líta á kynferðislega ást sem kjarna „sódómskunnar“ en sá skilningur náði ekki að festa rætur heldur leið heil öld þar til rykið var dustað af þess konar hugmyndum og réttmæti kynferðislegrar ástar komst aftur á dagskrá. Innsýn í þá orðræðu fæst á síðari áningarstaðnum en þá erum við komin í heimahagana, nánar tiltekið til Norðurlandanna og Íslands upp úr aldamótunum síðustu þar sem háð var barátta fyrir því að kirkjustofnunin og kirkjuleg yfirvöld myndu viðurkenna ást og hjónaband samkynhneigðra. Sú viðurkenning

¹⁴ Helmut Thielicke, *The Ethics of Sex*, Cambridge: James Clarke & Co, 1964.

var ekki auðsótt eins og fram kemur í guðfræðilegum rökum sænskra og íslenskra skýrsluhöfunda, auk biskups Íslands frá þessum tíma.

Einkasviðið og opinbera sviðið: gagnrýni femínista á óréttmæta kröfu á ást kvenna innan hjónabandsins

Femínískar kenningar og sjónarhorn skipta miklu máli þegar kemur að umfjöllun um réttláta ást. Á 8. og 9. áratug síðustu aldar hófu femínískar fræðikonur gagnrýna umræðu um óréttlæti og kúgun karla á konum innan ramma hjónabandsins.¹⁵ Ein þeirra sem lagði mikið af mörkum var lagaprófessorinn og femínistinn Margaret Thornton. Fljótlega upp úr 1990 benti hún á að vanþekking á óréttlátri stöðu kvenna innan hjónabandsins og fjölskyldunnar gerði fyrirleggjandi framlag frjálslyndrar hugmyndafræði gagnslítið í samtímanum.¹⁶ Til að hnykkja á þeirri skoðun vísaði hún til heimspekingsins John Rawls (1921–2002) og réttlætiskenningar hans í bókinni *A Theory of Justice* og sagði hann byggja á sömu kynjahyggju og forverar hans.¹⁷ Þannig væri kynjahyggja viðvarandi vandamál í frjálslyndri stjórn málaorðræðu og að þrjú hundruð árum eftir að einn aðalupphafsmaður frjálslyndisstefnunnar (e. *liberalism*), John Locke (1632–1704), setti fram hugmyndir sínar um hjónabandið og fjölskylduna, væri það staðreynd að enn mætti finna sama húsbóndann í helstu réttlætiskenningum tuttugustu aldar.

Fjöldi femínista hefur tekið undir með Thornton þau þrjátíu ár sem liðin eru síðan hún lét þessa skoðun í ljós.¹⁸ Í þeim hópi er stjórn málafræðingurinn Carole Pateman sem segir aðgreininguna milli einkasviðsins og opinbera sviðsins vera í hnotskurn það vandamál sem femínisminn snúist um.¹⁹

¹⁵ Anna G. Jónasdóttir fjallar um þessa femínísku gagnrýni á hjónabandið í doktorsrannsókn sinni. Ég túlka skrif hennar á þann veg að horft hafi verið fram hjá mikilvægum þáttum varðandi kúgun kvenna í skrifum femínista. Femínistar hafi eytt öllu púðrinu í ofbeldið en gleymt ástinni. Þannig virðist mér hún ekki andmæla því að konur verði fyrir kúgun og ofbeldi innan hjónabandsins heldur bendir hún á að kúgunina sé ekki síður að finna í ástinni sem konur sé krafðar um innan hjónabandsins! Anna G. Jónasdóttir, *Love Power and Political Interests*, Kumlá: Örebro Studies 7, 1991.

¹⁶ Margaret Thornton, „The Public/Private Dichotomy. Gendered and Discriminatory“, *Journal of Law and Society* 18: 4/1991, bls. 448–463. Frelsi og jafnrétti eru jafnan talin grundvallargildi frjálslyndisstefnunnar, hvað sem líður útfærslunni.

¹⁷ Margaret Thornton, „The Public/Private Dichotomy“, bls. 449. John Rawls, *A Theory of Justice*, Oxford: Oxford University Press, [1971], Revised edition 1999.

¹⁸ Fjölmiörg dæmi um gagnrýni á *public – private* aðgreininguna má finna í skrifum Seyla Benhabib og Drucilla Cornell (ritstjórar), *Feminism as Critique. On the Politics of Gender*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 1987.

¹⁹ Carole Pateman, *The Sexual Contract*, Oxford: Blackwell 1989, [Polity Press 1988].

Alvarlegasti hluturinn að hennar mati er að ólík siðferðileg lögmál virðast gilda á sviðunum tveimur: á einkasviðinu sé gengið út frá ástinni sem allsráðandi afli en á opinbera sviðinu sé gert ráð fyrir að réttlætið fari með völd. Fjölskyldan, hjónabandið og ástin séu þannig í raun handan réttlætis! Því er heimspekingurinn Seyla Benhabib sammála en hún segist jafnframt vonduf um að það muni breytast. Það sé alvarlegt, líkt og Pateman benti á, því þar með sé lífi og athöfnum kvenna á einkasviðinu úthýst úr siðferðilegri samræðu.²⁰

Í sama streng tekur heimspekingurinn Susan Moller Okin sem hefur gagnrýnt marga af þekktustu kollegum sínum fyrir að fjalla ekki um birtingarmyndir óréttlætis innan fjölskyldunnar og hjónabandsins. Líkt og stöllur hennar telur hún skýringuna liggja í rótgróinni kynjablindu menningarinnar, ekki síst forstokkuðum hugmyndum þeirra um ástina og hjónabandið.²¹ Óréttlæti á sviði einkalífsins var líka ofarlega á baugi í skrifum heimspekingsins og fémínistans Irisar Marion Young.²² Samkvæmt henni var vandamálið karllægur réttlætisskilningur en hún gerir fjölmargar athugasemdir við réttlætiskilningu Rawls sem ekki verða teknar til umfjöllunar hér. Það sem skiptir máli í samhengi þessarar greinar er aðeins sú meginskoðun Young, líkt og fleiri síðari tíma fémínískra heimspekinga, að réttlætishugtakið þurfi að endurskoða á grundvelli nýrrar þekkingar sem byggist á reynslu kvenna á einkasviðinu. Stokka þurfi spilin upp á nýtt og gaumgæfa vandlega hinn frjálslynda og karllæga ástarskilning í nútíma og samtíma.²³

Hér á landi hefur gagnrýni á of skarpa aðgreiningu milli einkasviðsins og opinbera sviðsins meðal annars birst í skrifum greinarhöfundar sem rannsakað hefur kristna hjónabandssiðfræði út frá fémínísku réttlætissjónarhorni. Í doktorsritgerð minni frá 1998 gagnrýndi ég hefðbundna, kristna ástar- og kynlífssiðfræði fyrir ógagnrýna og karllæga sýn á ástina, kynverundina og réttlætið. Með tilvísun til ofbeldis karla í garð kvenna innan hjónabandsins lagði ég til að kristin ástarguðfræði undirgengist gagngera endurskoðun. Bæði þyrfti að endurskoða réttlætisskilning hennar og þann grundvöll sem

²⁰ Seyla Benhabib, *Situating the Self: Gender, Community and Postmodernism in Contemporary Ethics*, New York: Routledge, 1992.

²¹ Susan Moller Okin gagnrýnir meðal annars skrif Alasdair MacIntyre, Robert Nozick og Michael Walzer um réttlæti. Ólíkt mörgum öðrum telur hún þó að kenning John Rawls samrýmist best fémínískri siðfræði, sjá nánar um þetta í Susan Moller Okin, *Justice, Gender, and the Family*, Boston: Basic Books, 1989.

²² Iris Marion Young, *Justice and the Politics of Difference*, Princeton, New Jersey: Princeton University Press, 1990.

²³ Sama rit, bls. 24–30.

hann byggðist á en ekki síður óraunhæfan, rómantískan ástarskilning. Augljóst væri að hjónabandið væri fjarri því að vera alltaf sú höfn hamingjunnar sem guðfræðingar (og eflaust fleiri) gengju út frá heldur þyrfti hjónabandsstofnunin eins og aðrar stofnanir samfélagsins stöðugt að vera viðfangsefni gagnrýninnar, siðferðilegrar umræðu.²⁴ Þessi skoðun stóð óhöggud nokkrum árum síðar, þegar ég tók þátt í baráttunni fyrir hjónabandi samkynhneigðra hér á landi. Þótt vandamálin væru ekki öll þau sömu stóð þó eftir að réttlætið á erindi inn á svið einkalífsins. Réttlæti og ást tengjast. Þetta verður betur rætt í síðari hluta greinarinnar en áður en að því kemur skal skoðað hvað heimspekingurinn Irving Singer hefur fram að færa um vestrænan skilning á ástinni og hvaða hugmyndir hann telur einkum hafa haft áhrif á þann skilning.

Ástarhugmyndir á breytingarskeiði

Í bókinni *The Nature of Love. Courty and Romantic*²⁵ segir ameríski heimspékingurinn Irving Singer það algenga skoðun meðal sagnfræðinga að kynferðisleg ást (e. *sexual love*) milli karls og konu hafi lengst af verið svo til óþekkt fyrirbæri í vestrænni menningu. Sumir staðhæfi að slík ást hafi hvergi þekkt í fornöld og verið mjög sjaldgæft fyrirbæri annars staðar en í vestrænum samfélögum. Aðrir álíti að vestrænar hugmyndir um kynferðislega ást séu svo gott sem merkingarlausar í öðru samhengi eða hafi að minnsta kosti lengst af verið það. Sjálfur er hann ósammála þessum ályktunum en hann segir þær geta afvegaleitt okkur. Singer samþykkir því ekki það sjónarmið að fólk á öllum öldum hafi ekki þekkt og upplifað nánd og gagnkvæmni sem tengja má kynferðislegum tilfinningum.²⁶ Ástin tilheyrir flókinni tilvist mannsins, staðhæfir hann og vitnar máli sínu til stuðnings í sálfræðinginn og heimspékinginn William James (1842–1910) sem mun hafa komist svo að orði að jafn sterk, mannleg tilfinning og ástin geti ekki verið ný. Það séu hins vegar hugtök okkar um hana sem séu breytileg.²⁷ Undir slíka skoðun finnst mér skynsamlegt að taka. Með öðrum orðum er ég sammála því sjónarmiði að greinarmunur sé á því að halda því fram að kynferðisleg ást sem fyrirbæri

²⁴ Sólveig Anna Bóasdóttir, *Violence, Power, and Justice. A Feminist Contribution to Christian Sexual Ethics*, Uppsala Studies in Social Ethics 20, Uppsala: Acta Universitatis Upsaliensis, 1998.

²⁵ Irving Singer, *The Nature of Love. Courty and Romantic*, 2. hefti, Chicago og London: The University of Chicago Press, 1984.

²⁶ Irving Singer, *The Nature of Love*, bls. 1–3.

²⁷ Singer vísar ekki í neitt ákveðið rit eftir James í þessu sambandi, sjá sama heimild bls. 2.

hafi ekki verið til fyrr en til dæmis á miðöldum eða síðar og hinu að benda á að hugtakið kynferðisleg ást hafi ekki þekkt að ráði fyrr en á miðöldum. Á þessu er auðvitað munur.

Svo áfram sé vitnað til skrifa Singers þá bendir hann einnig á að vestrænar hugmyndir um ástina hafi að miklu leyti fallið eftir tveimur hugmyndafræðilegum farvegum. Hann segir að fyrri hugmyndastraumurinn, sem jafnframt hefur verið sterkari, hafi litast af hughyggju (e. *idealism*) sem rekja megi allt aftur til Forngríkkja. Hughyggjuna telur Singer síðan renna saman við gyðing-kristnar og vestrænar hugmyndir um ást uns hún lendi í faðmi rómantísku stefnunnar á 19. öld. Síðari farvegur ástarstraumsins sem er nokkuð grýttari liggur hins vegar um víðerni raunhyggjunnar (e. *realism*) en sú hugmyndastefna er þekkt fyrir áherslu á vísindi og mannlega reynslu.²⁸ Samkvæmt Singer varð fyrri hugmyndastraumurinn snemma uppspretta frumspekilegra, trúarlegra og bókmenntalegra hugleiðinga um ástina og ástarhugtakið nýtt sem tæki til að komast nær sannleikanum um leyndardóma náttúrunnar í víðri merkingu. Síðari strauminn telur Singer hins vegar að hafi fremur orðið farvegur fyrir gagnrýni á ríkjandi hugmyndir um ástina. Báðir hugmyndastraumarnir styðji við þekkingarleit á mannlegu eðli en í stað þess að leita á vit bókmennta, heimspeki og guðfræði, líkt og hughyggjan leggur til, leiti raunhyggjustraumurinn til nýjustu þekkingar á manni og heimi. Síðara sjónarmiðið tel ég gagnlegt að hafa til hliðsjónar í umfjöllun minni hér á eftir og myndi hiklaust flokka femínísk og hinsegin sjónarmið í samtímanum með því.

Hvað sem líður mismunandi áherslum ástarhugmyndastraumanna tveggja þá ályktar Singer sem svo að þeir eigi margt sameiginlegt þegar allt komi til alls. Þar skipti mestu skilningurinn á mannlegu eðli en í báðum tilvikum sé forsendan sú að manneskjan sé viðkvæm og auðsærð vera sem þoli illa einsemd og einveru. Það sé því í mannlegu eðli að þrá ást og kærleika annarrar manneveru. Singer rökstyður skoðun sína með því að leita á náðir trúarlegrar lykilsögu vestrænnar menningar, það er sköpunarfrásagnar Fyrstu Mósebókar þar sem segir frá sköpun Adams og Evu. Samkvæmt þeirri sögu skapar Guð Adam fyrstan og nokkru síðar Evu, eftir að í ljós kemur að Adam þrífst ekki einn.²⁹ Frumástand manneskjunnar er þannig einsemdin

²⁸ Sama rit, bls. 3.

²⁹ Þetta á við um síðari sköpunarsöguna sem er í 2. kafla Fyrstu Mósebókar en þar standa þessi orð: „Og Drottinn guð sagði: „Eigi er það gott að maðurinn sé einn. Ég vil gera honum meðhjálp við hans hæfi.“ (2.18) Í fyrri sköpunarsögunni sem er í 1. kafla Mósebókar er sköpun manns og konu lýst með öðrum hætti, sbr. „Þá sagði

(e. *primordial loneliness*) skrifar Singer og þrá hennar eftir félaga drifkraftur allra þekktustu ástarævintýra veraldarsögunnar. Í öllum tilvikum sameinist hin erótíska kynjatvennd, karl og kona, verði „eitt hold“ hvort sem það sé í heilögum sáttmála eða veraldlegu samkomulagi.³⁰

Fjar heimspekilegri og sögulegri nálgun og nær samtímanum eru skrif félagsfræðingsins Anthony Giddens (f. 1938) en í bók sinni *The Transformation of Intimacy. Sexuality, Love and Eroticism in Modern Societies* (1992) leitast hann við að skýra breytingar á viðhorfum fólks til ástar, kynlífs og náinna sambanda í samtímanum.³¹ Þar kemur auðvitað margt til en meðal þess sem hann nefnir sérstaklega eru hugmyndir og hugsjónir um lýðræði, sjálfræði og jafnrétti en þær telur hann að konur fylki sér um og krefjast breytinga á ást, kynlífi og hjónabandi í kjölfarið. Ein áhugaverðasta hugmynd Giddens er kannski sú að skoða megi ofbeldi karla gegn konum og aukna tíðni hjónaskilnaða nú um stundir sem boðbera nýrra ástar- og sambands-hugmynda. Með öðrum orðum telur hann að konur í samtímanum hafi fengið nóg af yfirráðum karla, þær vilja nýja ást, betra kynlíf og öðruvísi samband. Karlarnir hafi aftur á móti ekki enn áttað sig á hvað sé að gerast heldur berjast um á hæl og hnakka að viðhalda hefðbundnum gæðum sem þeir hafa lengstum getað gengið að möglunarlaust í hjónabandinu. Giddens eygir þannig enga framtíðarmöguleika fyrir hefðbundið hjónaband. Tími þess sé liðinn og sama eigi við um þá ástartegund sem hafi lengst af fylgt því. Nýir tímar séu í þann mund að renna upp og þeim fylgi ný og umbreytt ástarsambönd.³² Þessa hugmynd er rétt að skoða nánar.

Það er augljóst að Giddens lýsir bæði nýjum samböndum og nýrri ást sem fólk sækist eftir nú um stundir. Hann kallar hið nýja sambandsform *breint samband* (e. *pure relationship*) en hina nýju ást *samflæðandi ást* (e. *confluent love*).³³ Hreina sambandið líkist í engu hefðbundnu hjónabandi með sínum ákveðnu kynjahlutverkum. Það sem einkum skilur á milli þessara sambanda

Guð: „Vér viljum gera manninn eftir vorri mynd, líkan oss.“ [...] Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd. Hann skapaði hann eftir Guðs mynd. Hann skapaði þau karl og konu.“ (1. 26, 28)

³⁰ Irving Singer, *The Nature of Love*, bls. 4.

³¹ Anthony Giddens, *The Transformation of Intimacy. Sexuality, Love & Eroticism in Modern Societies*, Stanford, California: Stanford University Press, 1992.

³² Sama rit, bls. 9–13.

³³ Greinarhöfundur er sér meðvitaður um að samflæðandi ást (e. *confluent love*) er ekki fullkomin þýðing. Giddens forðast að tala um hina nýju, eftirsóknarverðu ást tveggja einstaklinga á þann hátt að hún blandast algerlega, líkt og gerist í meðvirknisambandi, og verði eitt. Það sem felst í *confluent* hugtakinu er að eitthvað tvennt renni hlið við hlið og stefni í sömu átt, án þess að blandast.

er réttlátara valdajafnvægi milli kynjanna innan þess sem er þekkt femínísk krafa. Hið hreina samband einkennist sem sagt af femínískum hugsjónum um réttlæti og kröfum um aukið lýðræði, jafnrétti og gagnkvæmt frelsi á einkasviðinu. Þá er gagnkvæm, kynferðisleg ánægja einnig mikilvæg hugsjón þess. Konur eiga sig sjálfar og kynverund þeirra í hinu hreina sambandi hefur snúist úr bölvun í blessun.³⁴

Enn eitt sem einkennir hið hreina samband er nándin milli makanna. Til að útskýra hið nýja í henni leitar Giddens til orðræðunnar um meðvirkni.³⁵ Hann segir að vandamál meðvirkinnar sé of mikil nánd. Hún sé vissulega mikilvæg í nánnum samböndum en hún megi aldrei snúast upp í fullkominn samruna við aðra persónu. Mikilvægt sé að finna jafnvægi í nándinni, virða sjálfræði þess sem maður elskar og viðhafa kærleiksríka fjarlægð. Þetta telur hann mögulegt í hreinu sambandi þar sem valdahlutfall makanna sé rétt en hins vegar mjög erfitt í hjónabandi sem byggji á yfirráðum karla og undirgefni kvenna.³⁶

Við þessa umræðu um helstu eiginleika hins hreina sambands verður hverri viti borinni veru ljóst að rómantíska ástin muni ekki koma til með að þrífast innan ramma þess þar sem að hún grundvallast á kynjahyggju og óraunhæfum kröfum til kvenna og ástar þeirra.³⁷ Þetta reynist vera mergur málsins hjá Giddens og í framhaldinu kynnir hann til sögunnar nýja tegund ástar sem mætir öllum helstu viðmiðum og hugsjónum hins hreina sambands. Ólíkt rómantísku ástinni sem hefur ýmist kynjahyggju eða gagnkynhneigðarhyggju að forsendu rúmar samflæðandi ást bæði pör af sama kyni og af ólíku kyni. Samkvæmt Giddens er stigsmunur á þessum ástartegundum en hann orðar það svo að rómantíska ástin leiti að hinni einu réttu persónu af gagnstæðu kyni en samflæðandi ástin sé fyrst og fremst á höttunum eftir hinu einstaka, hreina sambandi. Hvort það skapast með persónu af sama kyni eða ekki skiptir ekki höfuðmáli. Þannig fer saman ný ást og nýtt sambúðarform. Hvorugt getur án hins verið heldur heyrir þetta náíð saman.

Bók Giddens kom út 1992. Tveimur árum síðar kom út annað verk sem kallast mjög á við helstu sjónarmið Giddens án þess þó að innihalda eina einustu tilvísun til bókar hans. Bókin sem hér um ræðir er *Body, Sex, and Pleas-*

³⁴ Sama rit, bls. 184–203.

³⁵ Sama rit, bls. 88–92.

³⁶ Sama rit, bls. 184–204.

³⁷ Í þessum punkti má finna tengingu við rannsóknir Önnu G. Jónasdóttur sem skrifar á sama tíma og Giddens um ástarkraft kvenna sem viðhaldi pólitískum hagsmunum karla, sjá fyrrnefnt rit hennar *Love Power and Political Interests. Towards a Theory of Patriarchy in Contemporary Western Societies*.

ure. *Reconstructing Christian Sexual Ethics* en höfundur hennar er kaþólski guðfræðingurinn og siðfræðingurinn Christine Gudorf.³⁸ Bók Gudorfs er ein fjölda sambærilegra bóka sem komu út á síðasta áratug 20. aldar þar sem guðfræðingar beindu sjónum að ýmiss konar ranglæti á sviði einkalífsins.³⁹ Nálgun Gudorfs er femínísk auk þess að vera guðfræðileg og siðfræðileg og beinir hún skörpum gagnrýnissjónum að ofbeldi karla gegn konum og börnum innan fjölskyldunnar. Þess utan gagnrýnir hún kynlífsskilning kaþólsku kirkjunnar sem hún segir byggjast á fjölgunarhyggju (e. *procreationism*) en þar er átt við þá skoðun að kynlíf sé ætíð hugsanlegur farvegur getnaðar.⁴⁰ Áhersla á siðferðileg gildi vega þungt í bók Gudorfs og undirstrikar hún sérstaklega sjálfræði hvað varðar kynverund manneskjunnar. Hún telur sjálf-ræði nauðsynlega forsendu allra kynlífssambanda og er þeirrar skoðunar að þegar leggja skuli siðferðilegt mat á slíkt samband skuli litið til gagnkvæmrar kynlífsánægju (e. *sexual pleasure*) viðkomandi einstaklinga sem verði að vera nægjanlega þroskaðir til að þekkja vilja sinn og geta tjáð hann. Kynferðis-samband fullorðins og barns er þannig útilokað af siðferðisástæðum en ef báðir aðilar náins sambands eru sjálfráða og fá það út úr ástar- og kynlífs-sambandinu sem þeir óska, þá er það einkamál þeirra og aðrir skipti sér ekki af því. Ást þeirra sé réttlát og réttlæt看leg í senn.⁴¹

³⁸ Christine E. Gudorf, *Body, Sex, and Pleasure. Reconstructing Christian Sexual Ethics*, Cleveland, Ohio: The Pilgrim Press, 1994.

³⁹ Dæmi um guðfræðinga sem beittu sér í „réttlætis“- verkefnum á svipuðum tíma og Gudorf: Elizabeth Stuart, *Daring to Speak Love's Name. A Gay and Lesbian Prayer book*, London: Hamish Hamilton, 1992; Patricia Beattie Jung og Ralph F. Smith (ritstjórar), *Heterosexism. An Ethical Challenge*, New York: State University of New York Press, 1993; Adrian Thatcher, *Liberating Sex. A Christian Sexual Theology*, London: SPCK, 1993; James B. Nelson og Sandra P. Longfellow (ritstjórar), *Sexuality and the Sacred. Sources for Theological Reflection*, Louisville: John Knox Press, 1994; Marie M. Fortune, *Love Does No Harm. Sexual Ethics for the Rest of Us*, New York: Continuum, 1995; Elizabeth Stuart, *Just Good Friends. Towards a Lesbian and Gay Theology of Relationships*, Mowbray, 1995; Anne Bathurst Gilson, *Eros Breaking Free. Interpreting Sexual Theo-Ethics*, Cleveland, Ohio: The Pilgrim Press, 1995; Patricia Beattie Jung og Ralph F. Smith (ritstjórar), *Heterosexism. An Ethical Challenge*, New York: State University of New York Press, 1993, Kathy Rudy, *Sex and the Church. Gender, Homosexuality, and the Transformation of Christian Ethics*, Boston: Beacon Press, 1997; Sólveig Anna Bóasdóttir, *Violence, Power, and Justice*, 1998; Mark D. Jordan, *Blessing Same-Sex Unions. The Perils of Queer Romance and the Confusions of Christian Marriage*, Chicago og London: The University of Chicago Press, 2005; Margaret A. Farley, *Just Love. A Framework for Christian Sexual Ethics*, New York og London: Continuum, 2006.

⁴⁰ Þetta er enn opinber skoðun Vatíkansins og hefur verið ítrekuð fram á þennan dag í umburðarbréfum páfa.

⁴¹ Christine E. Gudorf, *Body, Sex and Pleasure*, bls. 139–159.

Skoðun Gudorfs má að sjálfsögðu heimfæra upp á samband tveggja sjálf-ráða einstaklinga af sama kyni. Gudorf er þó ekki sérstaklega með þann hóp í huga heldur skrifar hún undir áhrifum femínískrar fræðahéðar og gagn-rýnir hefðbundna, kristna ástar- og kynlífssiðfræði fyrir karllægar áherslur. Samkvæmt henni er ein neikvæð afleiðing slíkra áherslna sú að konum hefur verið synjað um líkamlegt sjálfræði. Þeim hafi ekki verið treyst til að ráða yfir líkama sínum heldur hafi það verið í hlutverki föðurins og síðar eiginmannsins. Hún bendir einnig á að ef jöfn virðing væri borin fyrir konum og körlum, líkamlegu og kynferðislegu sjálfræði þeirra, breytti það öllum nánnum ástarsamböndum. Það sama ætti við ef gagnkvæmni yrði viðmið allra náinna tengsla. Að virða líkamlegt sjálfræði og kynverund kvenna myndi umbreyta lífi og heilsu kvenna (og barna) um allan heim.⁴²

Hver er þá kjarni ástarskilnings Gudorfs? Hvernig má lýsa þeirri ást sem hún leggur mesta áherslu á og fyrir hverja er hún? Svarið er að ást Gudorfs hefur gagnkvæma kynferðislega ánægju einstaklinga að markmiði. Sjálf talar hún um ástríðuást (e. *pleasure love*) í því sambandi en með því undirstrikar hún mikilvægi kynverundarinnar og líkamans. Ástríðuást hennar á margt sameiginlegt með samflæðandi ást Giddens en bæði ítreka þau kynlífíð sem hluta ástarinnar. Siðfræðilegar áherslur eru einnig svipaðar hjá þeim báðum. Áherslan er á líkamlegt sjálfræði og kynferðislegt frelsi en þó er sá munur á að Gudorf aðlagar skilning sinn aldrei beint að samkynhneigðum pörum eins og Giddens. Hún heldur sig innan hefðbundins ramma kaþólsku kirkjunnar en sýnir um leið á spilin og lætur sterklega í veðri vaka að ekkert hamli því að yfirfæra kynferðislegu ástríðuástina á samkynhneigð pör. Uppfylli þau skilyrðin um sjálfræði og gagnkvæmni er ekkert því til fyrirstöðu. Hvergi örlar á eðlishyggju eða kynjahyggju sem gæti aftrað því að tveir fullveðja einstaklingar af sama kyni gætu eignast slíka ást.

Hvað svo sem segja má um það val Gudorfs að heimfæra ekki beinlínis kynferðislegu ástríðuástina upp á samkynhneigð pör í skrifum sínum þá breytir það ekki því, að mínu mati, að hún styrkir umræðuna um réttláta ást. Sem femínisti tekur hún undir gagnrýni stallsystra sinna á rómantísku ástina sem heldur konum í hrollköldum greipum karlveldisins. Sú ást er ekki á vetur setjandi heldur þörfnumst við öll ánægjulegrar kynferðislegrar ástar. Slík ást er heilbrigð og nærandi. Þannig tekur Gudorf sér stöðu við hlið Giddens, hvað varðar ástina, kynlífíð og hjónabandið. Hugmyndir um þetta þrennt verða að breytast. Það er sterk siðferðileg krafa í samtímanum, í sterkum samhljómi við hugmyndir og hugsjónir femínismans.

⁴² Sama rit, bls. 141–154.

Kynferðisleg ást samkynhneigðra karla á ofanverðri nítjándu öld

Á ofanverðri 19. öld má finna umræðu á opinberum vettvangi um ástir einstaklinga af sama kyni. Á þeim tíma voru víða í gildi lög í Evrópu sem bönnuðu það sem nefnt var „sódómska“ en það var kynferðislegt samneyti milli karlmanna kallað á þessum tímum.⁴³ Árið 1864 varð til hreyfing í Þýskalandi sem vildi láta afnema löginn um saknæmi „sódómsku“. Helsti hugmynda-smiður hennar var Karl Heinrich Ulrichs (1825–1895) lögfræðingur að mennt sem hrakist hafði úr starfi vegna ásakana um ósæmilegt kynferðislegt athæfi.⁴⁴ Sama ár og hreyfingin varð til lét Ulrichs prenta nokkra bæklinga, þar á meðal einn sem nefndist *Vindex*, þar sem hann hélt því fram að til væru einstaklingar sem hefðu karlmannlega líkamsbyggingu en bæru engu að síður ástar- og kynlífstílfínningar til annarra karlmanna.⁴⁵ Slíka einstaklinga kallaði Ulrichs „úrninga“ og ást þeirra úrníska ást.⁴⁶ „Díoninga“ kallaði hann hins vegar þá karlmenn sem bera ástar- og kynlífstílfínningar til kvenna, það er að segja „venjulega“ gagnkynhneigða karlmenn.⁴⁷ Ást og kynlíf er því eitt og hið sama í augum Ulrichs en hugmynd af því tagi hafði ekki áður verið sett fram opinberlega í Evrópu. „Sódómítarnir“, vel að merkja, voru samkvæmt ríkjandi skilningi ekki álitnir ákveðnar manngerðir þá heldur breyskir menn sem leiðst höfðu út í ósiðlegar kynlífsathafnir. Munurinn á „sódómítunum“ og öðrum karlmönnum snerist því um siðferðislega dómgreind, ekki ástartílfínningar eða kynferðislega hneigð. Sódómska var veikleiki á siðferðilega sviðinu.⁴⁸

Öllu þessu andmælir Ulrichs og flytur þar með umræðuna yfir á annað plan. Ástar- og kynlífstílfínningar úrninganna snúist ekki um siðferði heldur

⁴³ Fredrik Silverstolpe, „Den homosexuella ideologins födelse“, *lambda nordica. Tidsskrift för homosexualitets forskning* 5: 4/1999, bls. 6–37. Sótt 23. ágúst 2021 af: <https://www.lambdanordica.org/index.php/lambdanordica/article/view/90>.

⁴⁴ Sama rit, bls. 7.

⁴⁵ Sama rit, bls 10. Jafnframt var því haldið fram að þessir menn hefðu viðbjóð á kynferðislegu samneyti við konur.

⁴⁶ Þýska orðið *Uranier* vísar í eitt þekktasta verk Platóns, *Samdrykkjuna*, en umfjöllunarefni þess er einmitt ástin í ýmsum myndum. Platon, *Samdrykkjan og Plótínos, Um fegurðina 1.6*, íslensk þýðing eftir Eyjólf Kjalar Emilsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1999.

⁴⁷ Þetta hugtakapar má skoða sem fyrirrennara hugtakaparsins „samkynhneigð(ur) – gagnkynhneigð(ur)“ sem er til komið síðar. Það kemur ekki fram í grein Silverstolpe hvort Ulrichs hafi útskýrt díoningshugtakið eitthvað nánar eða hvað það merkir.

⁴⁸ Fredrik Silverstolpe, „Den homosexuella ideologins födelse“, bls. 10.

séu þær þeim áskapaðar. Náttúran hefur einfaldlega úthlutað þeim þessu eðli en slík skoðun dregur augljóslega úr hinum siðferðilega mun milli úrnings og dionings. Dioningurinn er ekki siðferðilega æðri úrningnum, hann fylgir einfaldlega eðlisfari sínu. Svo skyldi úrningurinn einnig mega gera. Öllum er áskapað að fylgja sínu mannlega eðli.

Með skrifum sínum fór Ulrichs þannig gegn ráðandi skilningi í samfélaginu, meðal annars þeirri skoðun að úrningar séu óhamingjusamir að eðlisfari en þeirri bábilju svaraði hann svo:

Ég bið ykkur beinlínis og í eitt skipti fyrir öll að hætta þessari vitleysu. Við erum óhamingjusamir einungis vegna þess að ofsóknir og ærumeiðingar ykkar gera okkur óhamingjusa. Veitið okkur réttindi okkar og þá munu krókódílatár samúðar ykkar verða óþörf.⁴⁹

Eitt af því áhugaverða við skrif Ulrichs er hve mjög hann undirstríkar hina siðferðilegu hlið málsins. Málefni úrninganna snúast um réttlæti. Ulrichs skrifar:

Ég er baráttumaður. Ég berst gegn ríkjandi ástandi þar sem ég álít það vera óréttlátt. Ég berst fyrir frelsi frá ofsóknum og niðurlægingu. Ég fer fram á að ást úrninganna verði viðurkennd. Ég krefst þessa bæði af almenningsálitinu og af ríkinu. Á sama hátt og kynferðisleg ást dioninganna er samþykkt sem góð og gild fer ég fram á að hin áskapaða, kynferðislega ást úrninganna sé álitin réttlætanleg.⁵⁰

Af orðum Ulrichs má sjá hvernig hin vísindalegu, samfélagslegu og siðferðilegu rök fléttast saman. Vísindalegu rökin lúta að kynferðislegu eðli manneskjunnar en þau samfélagslegu og siðferðilegu að ranglætinu sem felst í því að kúga ákveðinn minnihlutahóp, bæði með lögum og félagslegri útskúfun. Ulrichs tekur undir ráðandi viðhorf varðandi það að kynverund karla og

⁴⁹ Fredrik Silverstolpe, „Benkert var inte läkare. Om den homosexuella kategorins icke-medicinska ursprung på 1800-talet“, *lambda nordica. Tidskrift för homosexualitets forskning* 3: 1/1997, bls. 6–17, hér bls. 9. Þýðing greinarhöfundar á sænskri þýðingu Silverstolpe. Sótt 23. ágúst 2021 af: <https://www.lambdanordica.org/index.php/lambdanordica/article/view/33/33>.

⁵⁰ Fredrik Silverstolpe, „Benkert var inte läkare“, bls. 9. Þýðing greinarhöfundar á sænskri þýðingu Silverstolpe.

kvenna grundvallist á líffræðilegum, eðlislægum og þar af leiðandi óbreyt-
anlegum þáttum. Jafnframt heldur hann fram vissum undantekningum frá
þessari reglu. Dæmi um það sé hinn örsmái minnihlutahópur karla, úrn-
ingarnir. Kynferðisleg þrá þeirra til karla sé þeim alveg jafn eðlileg og þrá
dýninga til kvenna og því ekki hægt að ætlast til að þeir breyti kynferðislegu
atferli sínu, hvað þá eðli.⁵¹

Smárit Ulrichs voru vel þekkt í Evrópu og jafnvel víðar undir lok 19.
aldar. Til marks um það koma hugtök hans um úrninga og dýninga fyrir í
vísindalegum jafnt sem alþýðlegum ritum um kynlíf frá þeim tíma.⁵² Þannig
skrifar hinn þekkti, austurríski geðlæknir Richard von Krafft-Ebing (1840–
1902) í bréfi til Ulrichs árið 1879:

Frá þeim degi sem þér senduð mér heftin yðar – ég held það hafi
verið 1866 – hef ég tileinkað þessu fyrirbæri, sem á þeim tíma var
jafn óskiljanlegt sem það er áhugavert, allan minn áhuga. Það er
einungis þekkingin úr bæklingum yðar sem fékk mig til þess að
byrja að rannsaka þetta mikilvæga málefni og skrifa niður reynslu
mína í ritgerðinni sem þér þekkið.⁵³

Ritgerðin sem Krafft-Ebing vísar þarna í átti síðar eftir að þróast í bókarkafli
í bók hans *Psychopathia sexualis, mit besonderes Berücksichtigung der conträren
Sexualempfindung* (1886) en í henni leitaðist hann við að færa rök fyrir því að
ástartilfinningar úrninga væru sjúklegt og óeðlilegt fyrirbæri.⁵⁴ Hann virðist
þó ekki hafa verið alveg sannfærður um þessa skoðun því árið 1901 lítur ekki
út fyrir annað en hann viðurkenni að Ulrichs hafi rétt fyrir sér þegar allt
komi til alls. Með öðrum orðum, fyrirfinnst mögulega „kvenleg“ kynlífs- og
ástarþrá í líkama karlmanns án þess að það sé nokkuð sjúklegt við það.⁵⁵

Annar maður sem átti þátt í að móta hugmyndir um réttlætanalega, kyn-
ferðislega ást milli karla á ofanverðri 19. öld var anglíkanski presturinn,
heimspekingurinn og rithöfundurinn Edward Carpenter (1844–1929) en

⁵¹ Sbr. Fredrik Silverstolpe, „Den homosexuella ideologins födelse“, bls. 12.

⁵² Fredrik Silverstolpe, „Benkert var inte läkare“, bls. 9.

⁵³ Sama rit, bls. 10.

⁵⁴ Richard von Krafft-Ebing, *Psychopathia sexualis, mit besonderes Berücksichtigung der
conträren Sexualempfindung*, Stuttgart: forlag ekki uppefið, 1886. Ritið var endurútg-
efið árið 2005 af hálfu Adamant Media Corporation.

⁵⁵ Fredrik Silverstolpe, „Benkert var inte läkare“, bls. 10. Silverstolpe vísar hér til
greinar sem Krafft-Ebing skrifaði í *Jahrbuch für sexuelle Zwischenstufen* árið 1901 og
þetta sjónarmið kemur fram.

grundvallarafstaða hans var sú sama og hjá Ulrichs: kynlífsathafnir samkynhneigðra karlmanna eru ekkert annað en ástartjáning.⁵⁶ Jafnframt andmælti Carpenter þeirri smættun sem honum fannst felast í því að skilgreina fólk eingöngu út frá kynlífshegðun og sagði að ef endilega þyrfti að skipta fólki upp í hópa væri réttara að ganga út frá hjartanu í stað kynferanna. Líkt og í tilviki Ulrichs benti hann á alvarlegar, sálrænar afleiðingar slíkrar uppskiptingar en þær leiddu í mörgum tilvikum til fordæmingar og félagslegrar útskúfunar. Carpenter barðist þannig gegn ríkjandi viðhorfum sinnar samtíðar og lagði áherslu á að karlar sem elskuðu karla væru heilbrigðir og kynlíf þeirra ástartjáning.⁵⁷

Í kirkju í Manchester í Englandi árið 1894 hélt Carpenter fyrirlesturinn „Homogenic Love, Its Place in a Free Society“⁵⁸ þar sem hann andmælti hugtakinu *homosexual* sem þá var farið að gera sig gildandi undir sterkum geðlæknislegum áhrifum. Hugtakið, sem er sambræðingur úr latínu og grísku, áleit hann viðhalda ranghugmyndum og fordómum um ástir karla sem unna körlum. Til að snúa þeirri neikvæðu þróun við sagði hann nauðsynlegt að búa til nýtt orð og var nýyrði hans *homogenic* ætlað að koma í stað orðsins *homosexual*.⁵⁹ Orðið *genic* kemur úr grísku og er þýtt á ensku sem *kind* sem merkir tegund, gerð eða togi. Enska hugtakið *humankind* er oft þýtt á íslensku sem mannkyn en nákvæmari þýðing væri í einhverjum tilvikum manngerð eða manntegund. Með öðrum orðum merkir *homogenic* að vera sömu gerðar, vera af sama toga spunninn og það er einmitt það sem Carpenter reynir að ná fram. Ást milli tveggja karlmanna er eins af því að þeir eru eins. Þeir sem eru af sama toga elska líka á sams konar hátt.

Sama eðlishyggja og finna má hjá Ulrichs litaði hugmyndir Carpenters um kynlíf og ást. Að hans mati voru allir karlmenn eins, í einhverri djúpstæðri merkingu, og sama gildi um konur. Ályktunin sem hann dró af ólíku eðli karla og kvenna var að ástartilfinningar kynjanna tveggja væru gjörólíkar. Ást karlmanns til konu felist í því að elska leyndardóm, eitthvað sem er honum ókunnugt og framandi. Hann elski það í henni sem búi ekki í honum og hann geti hugsanlega aldrei fyllilega skilið. Þetta er ein ástargerð en önnur sé líka til, ást milli tveggja einstaklinga sem eru af sama kyni og

⁵⁶ Frank B. Leib, *Friendly Competitors. Fierce Companions. Men's Ways of Relating*, Cleveland, Ohio: Pilgrim Press, 1998.

⁵⁷ Sama rit, bls. 14.

⁵⁸ Sama rit, bls. 13. Fyrirlesturinn var gefinn út í bók árið 1980 af forlagi í London sem kallaðist Redundancy Press.

⁵⁹ Sama rit, bls. 14.

þar með sama toga. Carpenter kallar þá sálufélaga sem deila sams konar ást en hún felst í því að elska það sem maður þekkir. Vandamálið sé að jafnvel þótt slík ást bjóði upp á djúpa þekkingu á annarri persónu sé hún oftast for-dæmd.⁶⁰

Carpenter var heimspekingur og hefði mögulega getað fært rök fyrir því að *homogenic* ást væri æðri ást karls og konu en svo langt gekk hann ekki. Þess í stað lét hann nægja að álykta sem svo að ástargerðirnar tvær væru báðar til og væru eðlislægar þeim sem hefði þær tilfinningar. Ástin á hinu óþekktu, á leyndardóminum, skrifar hann, hefur vissulega sterkt aðdráttarafl en sama megi segja um ástina þar sem leyndardóminum sé deilt. Hún eigi líka rétt á sér. Niðurstaðan er sú að ást tveggja karla jafnast á við ást karls og konu, og að báðar eru réttlætanlegar.⁶¹

Ástin í greinargerðum og skýrslum sænsku og íslensku kirknanna kringum aldamótin 2000

Á síðasta ársfjórðungi 20. aldar fór fram umtalsverð guðfræðileg vinna sem tengdist stöðu samkynhneigðra einstaklinga í kirkju jafnt sem samfélagi á vegum lúthersku kirknanna á Norðurlöndunum. Upplýsingar um þá vinnu má finna í ýmsum skýrslum og greinargerðum þeirra sem og í hirðisbréfum biskupa, þar á meðal hirðisbréfi biskups Íslands, herra Karls Sigurbjörns-sonar. Fram undir 1950 má segja að flestar kirkjur hafi litið á kynferðisleg sambönd einstaklinga af sama kyni sem óeðlileg og siðferðilega ámælisverð og allt tal um ást í því samhengi því víðs fjarri.⁶² Eftir miðja tuttugustu öld byrja viðhorf til samkynhneigðra að breytast og er það til marks um hversu áleitnið þetta vandamál hefur verið í kirkjulegu samhengi að á um aldarfjórð-ungs löngu tímabili setti sænska kirkjan, sem jafnan hefur verið í fararbroddi um þessi málefni á heimsvísu, saman fjórar greinargerðir sem allar snerust um ást, kynlíf og nán sambönd samkynhneigðra.⁶³

⁶⁰ Í þessum orðum vísar Carpenter greinilega til *Samdrykkjunnar* sem er þekkt verk eftir Platon.

⁶¹ Fredrik B. Leib, *Friendly Competitors*, bls. 15.

⁶² Sjálfsgagt má færa ártalið fram um nokkur ár. Eitt dæmi um áður nefnda afstöðu er bréf sænskrar biskupasamkomu frá árinu 1951 þar sem samkynhneigð er lýst sem sjúkdómi og jafnframt biðlað til læknavísindanna um að finna meðferð til lækningar á sjúkdómnum. *Homosexuals in the Church*, Uppsala: Svenska kyrkan, bls. 8.

⁶³ Skýrslurnar sem hér verður vitnað til eru fjórar: Holsten Fagerberg (ritstjóri), *De homosexuella och kyrkan*, [skýrsla frá 1974], Älvsjö: SkeabVerbum, 1982; *En fråga om kärlek. Homosexuella i kyrkan*, Stockholm: Verbum, 1988; *Kyrkan och homosexualiten*,

Í þeirri fyrstu *De homosexuella och kyrkan* frá 1974 var niðurstaðan sú að ást og kynverund manneskjunnar væru óaðskiljanleg fyrirbæri og hvort tveggja meðfætt.⁶⁴ Holsten Fagerberg sem var í forsvari þessarar greinargerðar útskýrði löngu síðar í blaðaviðtali hvað hefði haft mest áhrif á niðurstöðuna.⁶⁵ Svar hans var að það hefði verið ný þekking á ástinni! Nánar tiltekið var áhrifavaldurinn nýlega útgefin bók eftir Pontus Wikner, en sá var samkynhneigður, þekktur, sænskur heimspekingur. Bókin var þó ekki ný heldur hafði hún verið skrifuð um aldamótin 1900 en fékkst fyrst útgefin árið 1971.⁶⁶ Í áður nefndu viðtali segir Fagerberg að lýsingar Pontusar á ástinni hefðu sannfært nefndarfólkið um að ást samkynhneigðra væri raunveruleg og að hana bæri að viðurkenna sem réttmæta við hlið ást gagnkynhneigðra.⁶⁷

Fjórtán árum síðar, 1988, kom önnur greinargerð frá sænsku kirkjunni og var það sama uppi á teningnum og í þeirri fyrstu.⁶⁸ Samkynhneigð var sögð hverfast um ást og í kjölfarið var lagt til að kirkjan útbyggi blessunar- og fyrirbænaform fyrir samkynhneigð pör. Að blessa ást samkynhneigðra reyndist þó of stórt skref fyrir sænsku kirkjuna. Bakslag kom í vinnu hennar og óeining um málefnið litaði störf hennar næstu árin. Nýjum starfshópi var þó fljótlega ýtt úr vör og átti hann að halda áfram hinni guðfræðilegu vinnu en leggja meiri áherslu á biblíuskilning og biblíutúlkun en gert hafði verið í fyrri skýrslum. Árið 1994 birti hann niðurstöður sína en þá kom í ljós að

Svenska kyrkans utredningar, 1994 (8) og *Homosexuals in the Church*, Samtalsdokument, 2001. Í umfjölluninni er stuðst við upplýsingar í bók sænsku kirkjunnar frá 2005 þar sem vitnað er til skýrslanna, sjá *Kärlek, samlevnad och äktenskap. Rapport från en offentlig hearing den 6–9 september 2004*, Uppsala: Svenska kyrkan, 2005.

⁶⁴ Holsten Fagerberg (ritstjóri), *De homosexuella och kyrkan*, 1982.

⁶⁵ Aðferðafræði og efnistöð í skýrslunum fjórum eru ólík og því erfitt að bera þær saman. Um fyrstu skýrsluna, *De homosexuella och kyrkan*, segir Holsten Fagerberg að biskupafundur sænsku kirkjunnar hafi einfaldlega snúið sér til hans sem þá var ungur prestur í sænsku kirkjunni og beðið hann um að leiða vinnuna án þess að hann hefði sérstaka þekkingu á málefninu sem slíku. Hann hafi nýlega skrifað bók um réttinn til að deyja og kannski hafi kirkjan því séð að hann gat skrifað! Þetta kemur fram í viðtalinu sem vísað er til í nmgr. 67.

⁶⁶ Nafn bókar Pontusar Wikner er *Psykologiska självbekännelser*, Stockholm: Askild och Kärnekull, 1971.

⁶⁷ Helena Thorén, „Pionjären Holsten Fagerberg och de homosexuella och kyrkan“, *Svenska kyrkan*, 5. febrúar 2019, sótt 13. ágúst 2021 af: <https://www.svenskakyrkan.se/stockholmsstift/pionjaren-holsten-fagerberg>. Tekið skal fram að ekki kemur fram hvenær upphaflega viðtalið átti sér stað en það er uppfært á vefnum 2005.

⁶⁸ *En fråga om kärlek. Homosexuella i kyrkan. En bok från samtalsgruppen Kyrkan och de homosexuella 1988*, Verbum förlag AB. Upplýsingar um skýrsluna sóttar 23. ágúst 2021 af: <https://www.duvan.se/en-fraga-om-karlek-homosexuella-i-kyrkan>.

sænska kirkjan var klofin í málinu. Meirihluti vinnuhópsins viðurkenndi ást samkynhneigðra og lagði til að parasambönd þeirra yrðu metin jöfn siðferðilega og hjónabönd gagnkynhneigðs fólks. Minnihlutinn viðurkenndi hana hins vegar ekki heldur leit svo á að um sköpunargalla eða alvarlegt frávik frá því sem eðlilegt mætti teljast væri að ræða hjá einstaklingum sem löðuðust kynferðislega að einstaklingum af sama kyni. Niðurstaða minnihlutans var óbreytt ástand, það er að kirkjan viðurkenndi ekki ást og hjónaband samkynhneigðra.⁶⁹

Árið 1998 var enn einn starfshópur á vegum sænsku kirkjunnar settur á laggir og skilaði sá greinargerð árið 2001.⁷⁰ Sama sagan endurtók sig og 1994, starfshópurinn gat ekki komið sér saman um eina niðurstöðu heldur skiludu fjórir af ellefu nefndarmönnum séráliti og það hver og einn fyrir sig. Sérálitin sýndu skýrt að það var afstaðan til ástar og kynverundar sem olli óeiningunni. Sérálitsnefndarmennirnir fjórir gagnrýndu vinnubrögð meirihlutans og sögðu mikið vanta upp á gagnrýna afstöðu til þessa málefnis. Þá hörmuðu þeir vöntun á umræðu um synd og illsku í tengslum við ást og kynlíf. En hvað hafði þá meirihluti greinargerðarinnar 2001 fram að færa varðandi ást samkynhneigðra? Stutta svarið við þeirri spurningu er að hlutur ástarinnar var gerður mjög mikill og mátti glöggst heyra bergmál frá fyrstu greinargerðinni frá 1974. Í fyrsta lagi var því slegið föstu að enginn gæti lifað án ástar og ást tilheyrði grunnþörfum mannsins. Lífið snýst um tengsl, skrifaði meirihlutinn, og þessi tengsl eru markmið sköpunar Guðs. Til að þroskast í tengslum við aðra þarfnist sérhver manneskja umhyggju, viðurkenningar og öryggis, en þegar hún upplífi slíkt þá megi einmitt kalla það ást. Megináherslan var lögð á kærleika Guðs og að kristin trúarhefð hefði jafnan skilgreint samband Guðs og manns sem kærleikssamband. Enginn hafi tjáð inntak og merkingu kærleika betur en Jesús í lífi sínu og starfi. Hann hafi elskað, endurreist, fyrirgefið og loks gefið líf sitt fyrir aðra. Þótt mannlegur kærleikur sé ekki sambærilegur við guðlegan kærleik megni hann þó að veita okkur innsýn í kærleika Guðs. Þannig sé guðleg ást og mannleg ætíð nátengd, samanber þessi orð skýrsluhöfundu:

Mennsk ást getur tjáð nærveru Guðs í lífi manna. Ást er gjöf og er tjáð sem gagnkvæmni. Kristin trú segir þessa gjöf vera frá Guði og stefni hún í tvær áttir samtímis; annars vegar birtist hún í nánu sambandi tveggja samtengdra einstaklinga, hins vegar birtist hún í

⁶⁹ Sama heimild.

⁷⁰ *De homosexuella i kyrkan, samtalsdokument*, Svenska kyrkan, Uppsala 2001.

lífi þeirra í samfélaginu. Mennsk ást er uppspretta gleði og þjónustu á báðum sviðum.⁷¹

Víkur nú sögunni til Íslands, nánar tiltekið að guðfræðilegri vinnu íslensku þjóðkirkjunnar um málefni samkynhneigðra en þar var ástin einnig miðlægt umræðuefni. Svo því sé til haga haldið tóku lög um staðfesta samvist gildi árið 1996.⁷² Um svipað leyti skipaði biskup Íslands nefnd „sem fjalla skyldi meðal annars um guðfræðileg, siðferðileg og lagaleg rök og álitamál er varða stöðu samkynhneigðra“.⁷³ Þetta var raunar önnur nefnd kirkjunnar um þessi málefni því sú fyrri, sem skipuð var árið 1995, hafði sagt af sér.⁷⁴ Nefndin gekk út frá eftirfarandi skilgreiningu á samkynhneigð í vinnu sinni:

Samkynhneigð er djúpstæð þrá eftir nánu kynferðislegu eða tilfinningalegu sambandi við einstakling af sama kyni. Eða með öðrum orðum: Þegar dýpstu og helgustu ástartilfinningar einstaklings beinast að einstaklingi eða einstaklingum af sama kyni í stað gagnstæðs kyns.⁷⁵

Jákvæður og boðandi skilningur nefndarinnar fer tæpast á milli mála. Forsendan er að ást og kynverund heyri saman og talað um helgar tilfinningar í því sambandi. Það eina sem skilur á milli er að hvoru kyninu ástin beinist. Ástin og kynferðislegar langanir tilheyra mannlegu eðli.

Nefndin skilaði greinargerðinni *Samkynhneigð og kirkja* síðla hausts 1996 en í henni var að finna gagnrýni á það að tengja kynverund manneskjunnar við veikleika holdsins, synd og sekt – gjarnan með tilvísunum í Biblíuna. Slík biblíutúlkun var sögð óviðeigandi og eiga rætur í áhrifum forngrískrar tvíhyggju sem aðgreindi líkama og sál mannsins með allt öðrum hætti en rekja mætti til mannskilnings Jesú. Kynlíf sem byggist á slíkri forsendu verði alltaf álitid neikvætt. Þá er á það bent að kynlífsskilningur Marteins Lúthers

⁷¹ *De homosexuella i kyrkan*, bls. 15. Þýðing greinarhöfundar.

⁷² „Lög um staðfesta samvist frá 1996“, *Alþingi*, sótt 23. ágúst 2021 af: <https://www.althingi.is/lagas/138a/1996087.html>.

⁷³ Jónína E. Þorsteinsdóttir, Ólafur Jóhannsson, Ólafur Oddur Jónsson og Ástríður Stefánsdóttir, *Samkynhneigð og kirkja*, Greinargerð nefndar um samkynhneigð og kirkju, sem skipuð var af kirkjuráði og biskupi Íslands, 1996, bls. 5.

⁷⁴ Báðar höfðu þessar nefndir svipað hlutverk sem var að móta afstöðu til samkynhneigðar innan kirkjunnar. Greinarhöfundur treystir sér ekki til þess að segja nákvæmlega til um það af hverju fyrri nefnd sagði af sér á sínum tíma en skýringin á því var einfaldlega sögð vera sú að fólk gat ekki komið sér saman um niðurstöðuna.

⁷⁵ Sama heimild og í nmgr. 73.

hafi verið mun jákvæðari en nú sé algengt, með því fororði auðvitað að allt kynlíf ætti sér stað innan hjónabandsins. Utan vígðs ramma hjónabandsins hafi kynlíf ekki átt sér neina réttlætingu. Í greinargerðinni er hvatt til nýrra áherslna í umræðu kirkjunnar um kynlíf og manneskjan sem kynvera skoðuð í jákvæðu ljósi. Mikilvægt sé að líta til þekkingar annarra fræðigreina en guðfræðinnar á kynlífi auk þess að skoða sögu kirkjunnar og skoðanir á kynlífi á gagnrýnan hátt. Samkynhneigð eins og hún sé skilin nú um stundir sé allt annað fyrirbæri en fyrr á öldum. Samkynhneigt fólk sé venjulegt fólk og mennsku þeirra þurfi að viðurkenna til jafns við gagnkynhneigt fólk.⁷⁶

Ástin sem slík fær drjúga umfjöllun í *Samkynhneigð og kirkja*. Í kafla um kærleikann eru jákvæð tengsl kynhneigðar og ástar ítrekuð og ástin sögð tjá merkingu og markmið kynverundarinnar. Kynverund og kærleikur séu því ekki andstæður eins og löngum hafi verið haldið fram í kristinni guðfræðihefð og því rangt að stilla þessum þáttum upp sem slíkum. Kærleikurinn sé einn en hafi jafnframt margar birtingarmyndir. Ein þeirra sé kynverundin (gr. *libido*), önnur kynlífsþráin (gr. *eros*), þriðja vináttan (gr. *philia*) og loks fórnfús kærleikur (gr. *agape*).⁷⁷ Einn þeirra sem vann að greinargerðinni, sr. Ólafur Oddur Jónsson, lagði ári síðar fram eigin greinargerð sem hann nefndi *Trú, kynhneigð og náungi minn* en í henni áréttaði hann þá skoðun að kirkjunni bæri að endurskoða alla guðfræði sína í ljósi nýs mannskilnings þar sem manneskjan sem kynvera væri að fullu viðurkennd. Með því móti tæki kirkjan utan um bæði samkynhneigt fólk og gagnkynhneigt og viðurkenndi að kynverund allra manna væri í raun ein birtingarmynd hæfileikans til að elska. Hann benti á að kynverundin væri ekki einangraður hluti lífs okkar heldur kjarni andsvars sérhverrar manneskju andspænis Guði og lífinu.⁷⁸

Að lokum skal fjallað um hirðisbréf til íslensku þjóðkirkjunnar sem herra Karl Sigurbjörnsson biskup sendi frá sér árið 2001, sama ár og síðasta sænska skýrslan sem vitnað var í hér að framan kom út. Hirðisbréfið sem kallast *Í birtu náðarinnar* fjallar um margs konar efni sem tengist kirkjulegu starfi og áherslum þess.⁷⁹ Undir yfirskriftinni „Í dagsins önn og yndi“ er hjónabandið, fjölskyldan og samkynhneigð til umfjöllunar. Ástin er kjarni umræðunnar um hjónabandið, hvort tveggja ást Guðs og ástin milli manns

⁷⁶ Sama rit, bls. 7–13.

⁷⁷ Sama rit, bls. 17.

⁷⁸ Ólafur Oddur Jónsson, *Trú, kynhneigð og náungi minn*, óútgefin skýrsla, Reykjavík, 1997. bls. 11–15.

⁷⁹ Karl Sigurbjörnsson, *Í birtu náðarinnar. Hirðisbréf til íslensku kirkjunnar*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2001.

og konu. Biskup vísar í Fyrstu Mósebók og frásögnina af því þegar Guð skapar manninn og leggur áherslu á setninguna: „hann skapaði þau karl og konu.“ Síðan segir biskup: „Í þessari gagnkvæmni kynjanna og samfellu andstæðnanna er hjónabandið fólgið, þau tvö verða eitt, einn maður, eitt í vilja og verki, ást og trú.“⁸⁰ Í kjölfarið er útskýrt hvernig ást Guðs sé tjáð í hinu gagnkynhneigða hjónabandi og hvernig tveir einstaklingar af „andstæðu“ kyni öðlist hlutdeild í ást Guðs:

Þegar Guð fræðir okkur um kærleika sinn og sáttmála í Biblíunni þá notar hann myndir ástar og hjónabands til að gera okkur ljóst hvernig hann elskar. Guð elskar með kærleika sem ást í hjónabandi er eins og neisti af, hin innilegasta ást milli hjóna er eins og bergmál frá. Ást Guðs til okkar er trú, jafnan trygg þrátt fyrir brigð og bresti mannanna, einlægt áreiðanleg, skilyrðislaus, hvað sem líður vanþakklæti og ósanngirni okkar, óafturkræf, þolinmóð, full samúðar, mild en þó sterkari en allt, ástríðufull en þó staðföst, fús til að fyrirgefa, og býður hinn ótrygga og svikula jafnan velkomin aftur heim.⁸¹

Hér gefur að líta ákaflega klassíska, guðfræðilega túlkun á hjónabandinu og ástinni sem rekja má allt aftur til túlkunar heilags Ágústínusar á 5. öld. Ást og hjónaband eru iðulega samofin stef í Biblíunni og það sama á við í sögu guðfræðinnar. Það sem upphefur ást karls og konu og gerir hana jafn stórkostlega og fram kemur í hirðisbréfinu er að hana má skoða sem neista af ást Guðs sjálfs. Þannig er hún í einhverjum mæli og skilningi guðleg. Guð er höfundur hjónabandsins og alltaf nálægur þeim sem ganga í það.⁸² Þetta útskýrir mikilvægi hjónabandsins og af hverju ekki megi rjúfa þann sáttmála. Það er vegna hlutdeildar Guðs í hjónabandinu og hlutdeildar manna í ást hans þar með. Í hjónavígslunni, skrifar Karl biskup, „heita karl og kona hvort öðru ævetryggðum, að eiga saman gleði lífsins og sorg, önn og yndi daganna. Ást þeirra tveggja sem leggja líf sitt í hvors annars hendur í skilyrðislausri tryggð og kærleika, er ætlað að endurspeglar kærleika Guðs.“⁸³

Ástin er horfin af sjónarsviðinu þegar biskup ritar um samkynhneigð nokkrum blaðsíðum síðar í hirðisbréfinu en ólíkt sænsku greinargerð-

⁸⁰ Sama rit, bls. 155.

⁸¹ Sama rit, bls. 155.

⁸² Sama rit, bls. 156.

⁸³ Sama rit, bls. 157.

unum sem ítrekuðu vægi ástarinnar í lífi allra manna birtist það sjónarmið ekki skýrt í skrifum biskups. Aðalatriðið virðist að tjá þá skoðun að ást og samkynhneigð eigi ekki samleið innan kristinnar kirkju.⁸⁴ Kaflinn um samkynhneigð er átakamiðaður og fjallar fyrst og fremst um hvernig taka skuli á deilum innan kirkjunnar um það málefni. Biskup hefur enga tillögu um sættir í því máli en leggur til óbreytt ástand þar sem fólk sætti sig við að vera áfram ósammála um málið. Tilvist ástar samkynhneigðra er vissulega ekki afneitað en undirstrikað að hún standist ekki samanburð við ást gagnkynhneigðra. Þannig er ljóst að ást samkynhneigðra er af öðrum toga sem gerir hana um leið annars flokks. Hún er öðruvísi en ást gagnkynhneigðra því Guð hefur ekki blessað hana. Þetta er sú afstaða sem birtist í hirðisbréfinu. Ást samkynhneigðra einstaklinga gildir ekki sem aðgöngumiði að hjónabandinu vegna þess að Guð hefur frátekið hjónabandið fyrir karl og konu. Því er allt tal um hjónaband samkynhneigðra formleg rökleysa.⁸⁵ Þessi niðurstaða hirðisbréfsins gengur upp miðað við hefðbundna kristna afstöðu til hjónabandsins og ástarinnar. Hún gerir það hins vegar ekki sé gengið út frá skilningi femínista og hinsegin guðfræðinga, auk fjölmargra annarra, sem leggja sig fram við að tefla fram ólíkum sjónarmiðum.

Umræða og ályktanir

Ástin hefur verið meginumfjöllunarefni þessarar greinar og ljóst að hugmyndir um hana mótast og slípast í gagnvirkum tengslum við tíðaranda og hugmyndafræði hverju sinni, trúarlega jafnt sem veraldlega. Tengingin milli réttlætis og ástar hefur hér verið rakin til baráttu annarrar bylgju femínismans fyrir sjálfræði og auknum borgaralegum réttindum kvenna en svipuð tenging birtist síðar í baráttu samkynhneigðra fyrir viðurkenningu samfélagsins á ást þeirra og hjónabandi kringum aldamótin síðustu.

Félagsfræðingurinn Anthony Giddens hefur lýst þróun og breytingum á sviði einkalífsins í rannsóknum sínum og komist að þeirri niðurstöðu að fólk (ekki síst konur) í samtímanum, óháð kynhneigð, sætti sig ekki lengur

⁸⁴ Biskup skrifar um samkynhneigð: „Samkynhneigð manneskja er Guðs barn, skapað af Guði, endurleyst fyrir Jesú náð, eins og sérhvert mannsbarn á jörðu“. Einnig skrifar hann: „Ég legg ríka áherslu á að samkynhneigðir eru velkomnir í samfélag þjóðkirkjunnar, eins og annað fólk, og þar er ekki farið í manngreinarálit. Engum er sýnað um blessun og fyrirbæn við altari þjóðkirkjunnar, sá sem þess æskir er ekki spurður um kynhneigð fremur en aðra eiginleika.“ Sjá nánar í Karl Sigurbjörnsson, *Í birtu náðarinnar*, bls. 160.

⁸⁵ Sama rit, bls. 161.

við hefðbundið regluverk gagnkynhneigðarhyggju, hjónabands og rómantískrar ástar. Giddens bendir á að andstæðukynjahyggja, gagnkynhneigðarhyggja og kynjahyggja sé á undanhaldi og telur að fólk nú um stundir þrái nýja ást, betra kynlíf og annars konar náin sambönd. Giddens lýsir hinni nýju ást þannig að ástartilfinningar tveggja frjálsra einstaklinga flæði hlið við hlið í sömu átt, án þess þó að blandast. Slík samflæðandi ást fái aðeins þrífist í hreinum samböndum og þau séu allt annars konar en hefðbundin hjónabönd.

Þótt kristni guðfræðingurinn Christine Gudorf hafi ekki sama markmið og Giddens með skrifum sínum eiga þau margt sameiginlegt. Gudorf er femínisti og sem slík gerir hún líkamlegt og kynrænt sjálfræði kvenna að undirstöðu umfjöllunar sinnar. Líkt og Giddens er hún hugfangin af ástinni og vill veg hennar sem mestan. Boðandi ástarhugmyndir beggja hafa ólík heiti en eiga þó töluvert sameiginlegt. Það gildir ekki síst um skilning þeirra á vægi ástríðnanna. Þannig er ástríðan í kynferðislegum tengslum viss samnefnari en slík ástríðuást hefur alltaf þekkt þótt hún hafi kannski of sjaldan verið iðkuð innan hjónabandsins. Slíka ást þekktu sannarlega þeir samkynhneigðu karlmenn sem hófu baráttu fyrir viðurkenningu á ást homma undir lok 19. aldar og vildu færa hana inn í lögleg og viðurkennd náin sambönd. Slíkt var óhugsandi þá enda gerðist það ekki fyrr en heilli öld síðar.

Pegar litið er til baka má glöggst sjá hve miklar breytingar hafa orðið á viðhorfum til ástar samkynhneigðs fólks á þeirri rúmu öld sem þessi grein spannar yfir. Það er þó ekki algilt því enn viðgangast neikvæð viðhorf og lagasetning víða um heim sem meina því að njóta frelsis og viðurkenningar ástar sinnar í samfélaginu. Réttlætingu slíkra laga og viðhorfa má oftast en ekki finna í andstæðukynjahyggju, gagnkynhneigðarhyggju og kynjahyggju menningarinnar. Dæmi um það er hirðisbréf Karls Sigurbjörnssonar frá 2001 þar sem skorti á skilning á nýjum sjónarmiðum á ástinni og kynverundinni sem Giddens og Gudorf gerðust talsmenn fyrir á síðasta ársfjórðungi 20. aldarinnar. Jafnframt má benda á að þeir guðfræðingar sem völdust til rannsókna og umræðu um samkynhneigð og kirkjur bæði í Svíþjóð og héraendis voru að stærstum hluta jákvæðir gagnvart breytingum á afstöðu kirkjunnar til samkynhneigðra. Það tók hins vegar tíma fyrir sjónarmið þeirra að ná lendingu en það gerðist undir lok fyrsta áratugar þessarar aldar. Lokaorð greinarinnar eru hvatning til bæði samfélags og kirkju um að standa dyggan vörð um þann árangur sem náðst hefur héraendis í málefnum samkynhneigðs fólks en það merkir ekki síst að viðurkenna ást þess sem fullkomlega „eðlilega“ og réttlætanlega.

ÚTDRÁTTUR

Greinin snýst um réttláta ást sem er ástarhugmynd sem fræðimenn jafnt sem aðgerðasinnar hafa nýtt í baráttunni fyrir viðurkenningu á mannréttindum hinsegin fólks. Í fyrri hluta greinarinnar er hugmyndin um réttláta ást sett í hugmyndasögulegt samhengi og fjallað um gagnrýni femínista á óréttlæti og ofbeldi sem viðgengst á einkasviðinu. Því næst er fjallað um breyttar ástarhugmyndir í framsetningu þriggja fræðimanna, Irvings Singer, Anthonys Giddens og Christinar E. Gudorf. Singer bendir á að vestrænar ástarhugmyndir séu undir áhrifum tveggja meginstrauma: hughyggju og raunhyggju, en þau Giddens og Gudorf einblína á samtímann og þrá fólks eftir að umbreyta ástinni og nánum samböndum og laga hvort tveggja að gildum um frelsi, sjálfræði og réttlæti.

Í síðari hlutanum er sjónum beint að umræðu um ástir einstaklinga af sama kyni á tveimur öldum. Á ofanverðri 19. öld börðust hommar í Þýskalandi og Englandi fyrir viðurkenningu á *homogenic* ást sinni – án sýnilegs árangurs. Rétttri öld síðar var umhverfið og menningin víða gjörbreytt og meiri vilji til að umbylta viðhorfum jafnt sem lögum um samkynhneigð og borgaraleg réttindi hinsegin fólks. Lykilatriði í þeim breytingum var nýr skilningur á ástinni þar sem réttlæti, frelsi og sjálfræði voru sett á oddinn.

Lykilorð: réttlát ást, mannréttindi hinsegin fólks, kynferðislegt réttlæti, femínísk gagnrýni, kristin guðfræði

A B S T R A C T

**Just Love. The Struggle for the Recognition
of Gay and Lesbian Love, Sexuality and Legal Partnership in
Society and Church over Two Centuries.**

This article is about *just love*, a concept of love that scholars and activists have applied in the struggle for recognition of gay and lesbian human rights. In the first part, the idea of *just love* is placed in an ideological-historical context. The contribution of feminists in this field is reviewed, with a special focus on their critique of the injustice and violence that pervades the private sphere. I also discuss the contribution of three different scholars: Irving Singer, Anthony Giddens, and Christin E. Gudorf. Singer points out that most Western historical love ideas are influenced by two main currents: idealism and realism, while Giddens and Gudorf have a more contemporary focus on the desire to transform love and intimate relationships, adjusting them to the values of freedom, autonomy, and justice.

In the second part, the focus is on the discussion of same-sex love over two centuries. In the late 19th century, gay men in Germany and England struggled for the recognition of their *homogenic* love – unsuccessfully. In the early 21st century, the environment and culture had undergone significant changes, and there was much greater commitment to change attitudes as well as laws and civil rights of gay and lesbian people. A key element in those changes was a new understanding of love, focusing on justice, freedom, and autonomy.

Keywords: just love, gay-lesbian human rights, sexual justice, feminist critique, Christian theology

SÓLVEIG ANNA BÓASDÓTTIR
 Prófessor í guðfræðilegri siðfræði
 Guðfræði- og trúarbragðafræðideild
 Hugvísindasviði Háskóla Íslands
 Sæmundargötu 2
 IS-102 Reykjavík, Ísland
 solanna@hi.is

